

Opinn aðgangur að vísindagreinum

Sólveig Þorsteinsdóttir skrifar um tvær leiðir til birtingar vísindagreina



Sólveig Þorsteinsdóttir

Sólveig Þorsteinsdóttir skrifar um tvær leiðir til birtingar vísindagreina: "Höfundar geta valið um gullnu eða grænu leiðina við birtingu í opnum aðgangi. Höfundar greiða ekki fyrir birtingu ef græna leiðin er valin."

ÞORKELL Jóhannesson skrifaði ágæta grein um greiðslu höfunda fyrir opinn aðgang að vísindagreinum sínum í Morgunblaðið 29. október. Það er rétt að skýra nokkra þætti sem þar koma fram. Ýmsir háskólar og vísindafélög í Evrópu og Bandaríkjunum hafa núna skilyrt að vísindagreinar sem eru afrakstur rannsókna styrktra af viðkomandi aðilum, séu birtar í opnum aðgangi. Til þess eru notaðar tvær leiðir, kallaðar gullna leiðin og græna leiðin. Evrópusambandið hefur samþykkt sambærileg skilyrði varðandi styrki sem það veitir vísindamönnum en til þess að greiða fyrir opnu aðgengi er á döfinni að endurgreiða höfundum birtingarkostnað ef höfundur velur gullnu leiðina, sjá nánar á <http://tinyurl.com/5pe9mz>.

Gullna leiðin: (open access publishing): Greinin er gefin út í opnum aðgangi. Kostnaður við birtingu er í flestum tilfellum greiddur af aðilum sem styrktu rannsóknina sem hluti af rannsóknarkostnaði, eða að höfundar greiða kostnaðinn beint. Útgefendur sem bjóða upp á þennan möguleika eru annars vegar útgefendur tímarita í opnu aðgengi, t.d. BioMed Central og hins vegar hefðbundnir útgefendur sem bjóða höfundum upp á að geta birt grein sína í opnu aðgengi, t.d. Springer.

Græna leiðin: Greinin gefin út í opnu aðgengi hjá varðveislusafni (open repository) sem er t.d. rekið af þeirri stofnun sem höfundur starfar hjá, eða öðrum varðveislusöfnum eins og t.d. hjá PubMed. Ef græna leiðin er valin sendir höfundur varðveislusafninu ritrynt lokahandrit sem er tilbúið til birtingar. Greinin er síðan gefin út á hefðbundinn hátt og getur höfundur þá valið tímarit sem honum hentar best. Það getur verið tímarit í lokuðum aðgangi eins og t.d. Nature. Græna leiðin er fær þar sem 90% útgefenda vísindaefnis hafa samþykkt að greinar sem þeir gefa út, megi birta samhliða í opnum aðgangi eða í sumum tilfellum sex mánuðum síðar í varðveislusafni stofnunar sem viðkomandi vísindamaður starfar hjá. Þeir sem reka varðveislusöfnin veita höfundum aðstoð við að gefa út greinina í varðveislusafninu og tryggja að öll leyfi séu til staðar hvað varðar útgefendur og þar með talinn höfundaréttur. Greinin er þá aðgengileg bæði í opnum aðgangi í varðveislusafni og einnig í lokuðum aðgangi þess tímarits sem varð fyrir valinu hjá höfundi. Til þess að höfundar geti uppfyllt þessi skilyrði hefur varðveislusöfnum verið komið á laggirnar. Á Íslandi eru núna tvö slík varðveislusöfn. Skemman hýsir og veitir aðgang að doktors- og mastersritgerðum nemenda Háskóla Íslands,

Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Hins vegar er Hirslan á vegum bókasafns Landspítalans sem veitir aðgang að vísindagreinum starfsmanna Landspítalans, sjá <http://www.hirsla.lsh.is/lsh/>. Hún er öllum aðgengileg og leitarhæf um ýmsar gáttir eins og t.d. á fræðasetri Google (Google Scholar), <http://scholar.google.is/>. Íslenska ríkisstjórnin hefur þrívægis með stefnumótun sinni um upplýsingamál kveðið á um að opið aðgengi eigi að vera að því efni sem birtist og hefur verið kostað af opinberu fé. Ríkið hefur ekki enn gengið svo langt að skilyrða vísindamenn til að birta vísindagreinar kostaðar af opinberu fé, í opnum aðgangi. Ísland hefur skrifað undir sameiginlega viljayfirlýsingu með OECD þjóðunum varðandi opið aðgengi. Hinsvegar hefur hvorki ríkið, háskólar né vísindafélög skrifað undir Búdapest- eða Berlínar-viljayfirlýsingarnar um opinn aðgang eins og flestar þjóðir hins vestræna heims hafa gert.

Höfundur er sviðsstjóri bókasafns- og upplýsingasviðs Landspítalans.